

Bekkjarandi

Öskudagsráðstefna Menntasviðs Reykjavíkur 17. febrúar 2010

Edda Kjartansdóttir

Hvað segja nemendur?

Nemendur vilja síst kennara sem eru pirraðir og öskra. Að mati nemenda er mikilvægt að kennarar geti útskýrt vel fyrir þeim viðfangsefnin.

Nemendur vilja að hlustað sé á sjónarmið þeirra og tekið mark á þeim.
Nemendur vilja að komið sé fram við þá af sanngirni og þeim finnst jákvætt að fólk hafi húmor
Nemendur vilja festu og sanngjarnan aga

“Maður vill fara úr tíma og fundist maður haft lært eitthvað en samt haft gaman”

Hvað segja fræðimenn?

Í íslenskri rannsókn á agamálum í íslenskum skólum kom fram að góður skólabragur og jákvæð viðhorf til nemenda og foreldra einkenndi þá skóla þar sem hegðunar vandi var minnstur.

(Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns)

Niðurstaða þriggja mjög víðtækra rannsókna er helst sú að: **bekkjarstjórnun sé sá þáttur sem hefur mest áhrif á árangur nemenda í námi.**

Byggt á: Marzano R. J., Jana S. Marzano og Debra J. Pickering (2003).

Margt bendir til þess að bekkjarbragur auk skólamenningar sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, sanngirni og umyggju stuðli að vellíðan nemenda (ÁHH og SA, 2008)

Tengslamyndun mikilvæg hún ýtir undir góðan aga sem aftur hefur áhrif á árangur nemenda.

(Marzano&Marzano)

Á hverju ætli sé nú best að byrja ef við viljum breyta andanum í kennslustofunni?

Með því t.d. að skoða hvernig við bregðumst við nemendum.

Orðfæri kennara hefur gríðarleg áhrif á það hvaða andrúmsloft ríkir og einnig þau tengsl sem kennarar leggja sig fram um að mynda við nemendur.

“Kennarar sem vilja bæta tengsl sín við nemendur þurfa að venja sig af þeim vana að hafna hugmyndum nemenda og læra að taka þeim fagnandi”

(Haim G. Ginott 1972, *Teacher and child*, bls.69)



The laughing classroom, sagan af sundkennaranum og Peter shenge dignity of a child.

Dæmi um hvernig kennari getur sett sér markmið og skipulagt leiðir til að vinna að þeim

Markmið	Leiðir	Leiðir	Leiðir	Leiðir	Leiðir	Leiðir
Ég vil byggja upp góð tengsl milli mín og nemenda minna	Ég nota tíma í að kynnst nemendum. Nota leiki og fleiri verkefni til þess.	Ég spjalla óformlega við nemendur á göngum skólans og í frímínútum	Ég set mig inn í líf nemenda til að geta átt við þá samræður um þeirra raunveruleika	Ég gef nemendum færi á að panta viðtal og/eða kalla þá til mín í viðtal	Ég set mér fyrir að hafa örugglega átt persónuleg samskipti við alla nemendur mína a.m.k. einu sinni í viku.	Ég gæti þess að tala uppbyggilega við nemendur, hæðist ekki að þeim né geri lítið úr þeim á annan hátt.

Markmið	Leiðir	Leiðir	Leiðir	Leiðir	Leiðir	Leiðir
Ég vil að í kennslustofunni hjá mér ríki góður vinnuandi	Ég kynni nemendum til hvers ég ætlast af þeim varðandi umgengni og samskipti.	Ræði tilgang og markmið umgengnisreglna við nemendur	Aga mig til að fylgja eigin vinnureglum	Ég kveð nemendur með handabandi í lok hvers dags.	Ég hef gögn aðgengileg í stofunni	Sé til þess að viðfangsefni séu áhugaverð og reyni máttulega á nemendur

Mikilvægasta , ef ekki eina verkfærið, sem kennari hefur er hann sjálfur

Því er mikilvægt fyrir hann að vita hvernig nýta má eigin tilfinningagreind til að hafa áhrif á það sem glímt er við hverju sinni.

Sjálfsþekking

til að vita fyrir hvað þið viljið standa, hverju þið viljið ná fram með nemendum og hvers vegna þið vinnið með þeim hætti sem þið gerið.

Sjálfsagi

til að geta fylgt eftir þeim markmiðum sem þið setjið ykkur í vinnu ykkar.

Samkennd

til að eiga auðveldara með að setja sig í spor nemenda og foreldra til að betur gangi í samskiptum við þau

Sambandsmyndun

til að eiga auðveldara með að fá nemendur og foreldra með sér í lið.

Sjálfsþvotning

til að geta talað sig upp og hvatt sig áfram þegar illa gengur

Daníel Goleman, Forysta og tilfinningagreind

Dæmi um lista sem kennari setur sér sem markmið sem hann vill ná fram með nemendum.

Ég vil að nemendur mínir:

- virði þau mörk sem þeim eru sett í skólanum, viðmið og reglur.
- verði góð í að taka ákvarðanir, hafi hæfni til að meta valkosti og gera sér grein fyrir afleiðingum hvers þeirra.
- gangi vel um hluti og setji þá aftur á sinn stað að lokinni notkun og haldi vinnusvæðum snyrtilegum.
- séu samvinnufúsir og nýti sér þá valmöguleika sem ég gef þeim.
- séu áhugasamir gagnvart eigin námi.
- taki áhættur í námi; og séu óhræddir við að takast á við nýja hluti.
- sýni af sér ábyrgð, hægt sé að reiða sig á þá og þeir séu sjálfstæðir.
- eigi auðvelt með að vinna hverjir með öðrum.
- leysi eigin vandamál á uppbyggjandi hátt
- komi undirbúnir í tíma
- hlusti og fari eftir fyrirmælum-strax
- taki fullan þátt í viðvangsefnum sem eru í gangi og umræðum.
- taki frumkvæði í námi sínu og vinnu
- haldi sig að verki og nýti tímann vel
- skili verkefnum á réttum tíma (merktum)
- sýni af sér sjálfsaga; forðist að trufla kennslustundir.
- séu ánægðir með sig
- ráði við frústrasjónir og tafir og takist að halda aftur af árásgirni og mótþróa.
- finnist gott að vinna með mér og bekkjarfélögum sínum
- séu ánægðir í skólanum og hafi ánægju af að læra.

Síðan vinnur hann í því að kynna markmiðin, íhuga og framkvæma það sem hann þarf að gera til að þau náist og metur svo stöðugt hvort þau séu raunhæf miðað við þær kröfur sem hægt er að gera til hópsins.

Vertu vakandi fyrir þeirri menningu sem ríkir í skólastofunni. Ekki bara láta hana verða til. Skapaðu andrúmsloft þar sem hvert barn upplifir sig velkomið og að þörf sé fyrir það. Þau skilaboð sem þú sendir hafa mikil áhrif.

Ekki segja nemendum að þeim hafi mistekist án þess að segja þeim hvar þeir geta sótt sér aðstoð til að ná markmiðum sínum. Góðir kennarar skilja nemendur ekki eftir í blindgötu.

Láttu þá trú sem þú hefur á kennslu og námi stjórna gerðum þínum. Láttu nemendur finna að þú trúir því að öll börn geti lært. Það eru engin börn sem gefist hefur verið upp á í bekkjum hjá frábærum kennurum.

Forðastu að dæma börn fyrirfram. Börnum hættir til að uppfylla þá fordóma sem fullorðnir ætla þeim.

Hugsaðu aldrei um nemendur sem óvini þína. Starf þitt felst í því að berjast fyrir þá en ekki við þá